

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá
Fagraskógi í Hörgársveit að Stærri-Árskógi í Dalvíkurbyggð.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2022/11



Forsíðumynd: Hillur í Hörgársveit, mynd tekinn í norð-vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2022/11

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	8
HEIMILDASKRÁ.....	9

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið var frá Fagraskógi í Hörgársveit að Stærri-Árskógi í Dalvíkurbyggð en áform eru uppi um að leggja strenginn vorið 2023. Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Til voru fornleifaskráningar af svæðinu frá árunum 2008 og 2004 sem þurfti að uppfæra miðað við nýjustu skráningarstaðla. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram um miðjan september 2022.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2876.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands og túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands. Fornleifar höfðu verið skráðar árið 2008 í Hörgársveit og 2004 í Dalvíkurbyggð en það þurfti að uppfæra skráningarnar miðað við nýjustu skráningarstaðla og athuga hvort einhverjar fleiri minjar hefðu bæst við. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmyndum frá 1998 frá Loftmyndum ehf.

4. Fornleifaskráning

Fagriskógur:

Fornleifanúmer: 2876-01

Hnit: A533420.0 N597299.0 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Í fornleifarskráningunni frá 2008 er haft eftir heimildarmanni að túngarður hafi verið ofan við tún í kringum 180 m norð-vestan við íbúðarhúsið á Fagraskógi, á þessu svæði var sléttað tún og þýfður grasigróinn mói.⁷ Ekki sást nein ummerki um túngarð þar sem framkvæmdasvæði Rariks er.

Fornleifanúmer: 2876-02

Hnit: A533383.6 N597625.3 ISN93

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Margeir Jónssonar segir: „Lækur er utan við túnið og fellur utan við Bæjarnesið; heitir hann Stekkjarlækur, og er grasigróið stekkjarbrot í mó við lækinn, nokkuð ofan við þjóðveginn.“⁸ Á þessu svæði nú er sléttað tún.⁹ Á loftmynd frá 1998 virðist móta fyrir tóftarleifum á þessum slóðum sunnan skurðar um 440 m norð-vestan við íbúðarhúsið á Fagraskógi en það sást engin ummerki á nýlegri loftmynd.¹⁰

Hillur:

Fornleifanúmer: 2876-03

Hnit: A532994.1 N599013.8 ISN93

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan bæjar var lambhús á Lambhúshóli...“¹¹ Samkvæmt eldri skráningu þá var tóftin greinileg á loftmynd sem var tekinn 1946 og þar snýr húsið norður-

⁷ Elín og Þóra, 2008, bls. 134.

⁸ Margeir, bls. 1.

⁹ Elín og Þóra, 2008, bls. 133-134.

¹⁰ MAP.IS. Loftmyndir ehf.

¹¹ Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 54.

suður, svæðið hefur verið sléttuð.¹² Einu ummerkin á svæðinu voru gróðufarsbreytingar. Húsið hefur verið um 200 m vestan við þjóðveginn um 110 m sunnan við bæjarlækinn.



Mynd 1. Lambhúshóll, mynd er tekin suð-austur.

Fornleifanúmer: 2876-04

Hnit: A532932.0 N599088.8 ISN93

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan Bæjarlækjar heitir Kvíaból...”¹³ Ekki er vitað nánar um staðsetningu Kvíabóls. Í eldri fornleifaskráningu er þess getið að vanalega væru kvíar fast utan við túnjaðar venjulega ofan við tún. Fast ofan við Hillnatún er upphækkun sem talið er að hafi getað verið leifar af kvíum.¹⁴ Ekki sást neinar leifar af mannvirkjum á þessari upphækkun.



Mynd 2. Upphækkun upp við brekkuna, mynd tekin í norð-austur.

¹² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 131.

¹³ Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 55.

¹⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 132.

Ytra-Kálfsskinn:

Fornleifanúmer: 2876-05

Hnit: A530780.5 N601708.1 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Gamli bærinn stóð þar sem nú er íbúðarhús¹⁵ á lóðinni Ytra-Kálfsskinn 1.¹⁶ Ekki eru nein ummerki um gamla bæinn en öllu var rutt þegar íbúðarhúsið með kjallara var byggt árið 1934. Bæjarhóll er á staðnum en að hluta er hann náttúrulegur.¹⁷

Fornleifanúmer: 2876-06

Hnit: A530769.1 N601715.8 ISN93

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild

Í örnefnalýsingu Eyjafjarðar segir: „Norðan við hann er Öskubrekka, sem nú hefur misst nokkuð af fyrri reisu.“¹⁸ Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „...rétt austan við Öskubrekku, sem nú er með öllu horfin. Setti hún mjög svip sinn á aðsýn Ytra-Kálfsskinns norðan frá, því að brekkan var mjög há.“¹⁹ Samkvæmt eldri fornleifaskráningu var Öskubrekka beint utan við gamla bæinn og náði niður að læk. Brekkan var sléttuð á 5. áratug 20 aldar og voru þykk öskulög og mikið af kinda og fiskibeinum í haugnum. Fyrir utan húsið er bílaplan og tekur svo við grösug óræktar brekka niður að læk.²⁰

Fornleifanúmer: 2876-07

Hnit: A530758.1 N601716.8 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Við Öskubrekku var dálítið gil frá bænum niður á Bæjargilsvað, en um það lágu fjölfarnar og djúpar götur út yfir Horngrýti, Leyning og Beinrófugerði.“²¹ Í örnefnaskrá Árskóghrepps segir: „Sunnan við hann var Bæjargilsvað og lágu að því götur djúpar norðan yfir Beinrófugerði og upp á hlað í Ytra-Kálfsskinni rétt austan við Öskubrekku, sem nú er með öllu horfin.“²² Göturnar lágu frá Kálfsskinnsbæjunum til Hátúns, engar leifar eru nú af þessum götum.²³

Fornleifanúmer: 2876-08

Hnit: A530840.2 N601835.9 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Vallargarðurinn (og skurðurinn) myndaði rétt horn við suðausturjaðar túnsins í Syðra-Kálfsskinni, en boga suðvestan við bæjarins, lá áfram þvert yfir lækinn og út í Bæjargilsbugðuna ofan við nýju fjárhúsin í Ytra-Kálfsskinni.“²⁴ Túngarðurinn var umhverfis tún í Kálfsskinni en hefur verið sléttður í tún. Í eldri skráningu segir að óljós

¹⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 82.

¹⁶ Vefsja landeigna.

¹⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 82.

¹⁸ Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 75.

¹⁹ Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 18.

²⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 83-84.

²¹ Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 75.

²² Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 18.

²³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 84.

²⁴ Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 17.

hryggur sjáist neðan við íbúðarhúsið²⁵ á Ytra-Kálfskinni 2,²⁶ ekki sáust ummerki um það á staðnum.

Stærri-Árskógur:

Fornleifanúmer:

2876-09 Hnit: A529568.4 N602467.1 ISN93

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Staðarbærinn gamli stóð utar og austar, skammt frá Gamlagrafreit.“²⁷ Í örnefnaskrá Árskógsshrepps segir: „...Bærinn, sem hefur líklega frá fyrstu tíð staðið andspænis sálarhliði kirkjugarðsins...“²⁸ Gamli bærinn á Stærri-Árskógi hefur staðið fast vestan við gamlagrafreitinn²⁹ eða um 25 m norð-austan við núverandi íbúðarhús. Þar eru nú sléttuð tún og þrátt fyrir að hægt sé að sjá einhverja upphækkun þá var ekki hægt að sjá greinilegan bæjarhól á staðnum. Það er þó ekki ólíklegt að einhverjar mannvistarleifar séu undir yfirborðinu. Kennt var í framhúsi gamla bæjarins fyrstu 10 árin á 20. öld. Bærinn var rifinn í áföngum, bæjargöngin og sá hluti sem var úr torfi var rifinn og byggt við framhúsið úr timbri sem síðar var svo rífið.³⁰

Fornleifanúmer:

2876-10 Hnit: A529533.6 N602485.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús í suðurenda nýja kirkjugarðsins ekki var hægt að sjá það á staðnum. Í örnefnaskrá Árskógsshrepps segir: „Fast við suðurhlið girðingarinnar er Gunnarskofí, en út og niður frá hólnum heitir allstór hluti af gamla túninu Mæða,“³¹

Fornleifanúmer:

2876-11 Hnit: A529526.1 N602436.6 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var kálgarður um 10 m norð-vestur af núverandi íbúðarhúsi. Ekki sjást neinar leifar af honum í túni, heimreið né í garði bak við íbúðarhúsið.

Fornleifanúmer:

2876-12 Hnit: A529505.6 N602415.2 ISN93

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Kvíaból var rétt ofan við Hesthúsið, svo og Kvíamelur.“³² Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Upp frá nýja íbúðarhúsinu í St. Árskógi (bak við Hesthúsið) er Kvíaból, þó að nú sjáist þess lítil merki. Út og upp þaðan ris Kvíhóll...“³³ Kvíaból hefur verið þar sem nú liggur vegarlóði ofan við íbúðarhúsið á Stærri-Árskógi,³⁴ um 40 m ofan við húsið. Enginn ummerki eru um kvíarnar í dag.

²⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 88.

²⁶ Vefsíða landeigna.

²⁷ Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 93.

²⁸ Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 28.

²⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 52.

³⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 52.

³¹ Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 28.

³² Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 94.

³³ Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 30.

³⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 59.



— Rafmagnsstrengur
• Heimildir um fornleifar

Nafn Stærri-Árskógur - Fagriskógur	Dags. 18.12.2022 hj	Skýringar: Framkvæmdasvæði Rariks frá Stærri-Árskógi - Fagraskógs og heimildir um fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæði.
Dalvíkurbyggð - Hörgársveit	Mælikv. 1:17000 í A3	



BÚGARÐUR
RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI
Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr. e523/e533/e534 frá Loftmyndir ehf. 1998

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Rarik nær frá Fagraskógi í Hörgársveit að Stærri-Árskógi í Dalvíkurbyggð. Lagt var upp með það að forðast sem flesta minjastaði og á þessari leið voru 12 minjastaðir skráðir. Allir minjastaðirnir eiga það sameiginlegt að vera aðeins til sem heimildir. Flestir þeirra eru horfnir vegna framkvæmda s.s. túnaræktunar eða byggingarframkvæmda, aðrir raskaðir það mikið að það eru helst gróðurfarsbreytingar sem gefa til kynna hvar þeir voru eða óljósar heimildir um staðsetningu. Aðrir minjastaðir á svæðinu ættu að vera utan við 15 m friðhelgismarka minja.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 28 desember 2022
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar). Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir (höfundar). (2008). Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I. Bindi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af <https://vefuppfletti.skra.is/leit>. Skoðað 06.12.2022.

MAP.IS. Loftmyndir ehf. Sótt af <https://www.map.is/base/@541667,564933,z11,0>. Skoðað 06.12.2022.

Heimildarmaður:

Guðmundur Geir Jónsson, 1972, Stærri-Árskógi, Dalvíkurbyggð.

Túnakort:

Ytra-Kálfskinn í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Teiknari: Kristján E. Kristjánsson Hellu 1919. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri.

Örnefnaskrár:

Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. (1978). Safnað hefur og skráð Jóhannes Óli Sæmundsson. Fagrahlíð. Akureyri.

Örnefnaskrá Árskógshrepps. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Margeir Jónsson. Fagriskógur. Arnarneshreppur. Eyjafjarðarsýsla. Samlesið G.S.M. Örnefnastofnun.